



HRUNAMANNAHREPPUR

31. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR

KJÖRTÍMABILIÐ 2014 – 2018 12. FUNDUR ÁRSINS

VERÐUR HALDINN FIMMTUDAGINN 1. DESEMBER

2016 KL. 14.00 Í RÁÐHÚSINU FLÚÐUM

Árið 2016, þann 1. desember kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14.00 í Ráðhúsi hreppsins á Flúðum. Eftirtaldir sátu fundinn: Halldóra Hjörleifsdóttir, Unnsteinn Eggertsson, Sigurður Sigurjónsson, Kolbrún Haraldsdóttir, Bjarney Vignisdóttir og Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri, sem skráði fundargerð. Halldóra setti fund og stjórnaði honum. Hún bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar.

Erindi til sveitarstjórnar:

1. Tillaga að greiðslu þóknunar til embættis- og nefndarmanna Hrunamannahrepps 2017.
2. Fjárhagsáætlun 2017-2020. (Seinni umræða)
3. Starfshópur um kosti og galla sameiningar sveitarfélaga í Árnassýslu: Fundargerð hópsins frá 7. nóvember s.l.
4. FSu: Kaup á búnaði í Hamar.
5. Landgræðslan: Beiðni um styrk vegna verkefnisins „Bændur græða landið“.
6. Kvennaathvarfið: Beiðni um rekstrarstyrk.
7. Strókur: Beiðni um rekstrarstyrk.
8. Samningur um umsjón jarðarinnar Laugarás.
9. Samband ísl. sveitarfélaga: Umsagnarbeiðni um drög að reglugerð um veitingarstaði, gististaði og heimagistingu.
10. Stefán Arngrímsson: Erindi.
11. Skólustjórar grunnskóla: Bréf til sveitarstjórnar vegna starfstöðvar náms- og starfsráðgjafa.
12. Áskorun frá kennurum í Flúðaskóla.
13. Tónlistarskóli Árneseinga. Ályktun frá fundi kennara.
14. Tækni við Uppsveita: Minnisblað vegna söfnunar á seyru.
15. Næsti fundur.

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

16. Ferða- og menningarnefnd: Fundargerð 12. fundar nefndarinnar frá 2. nóvember s.l.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnassýslu:

17. Fundargerð 121. fundar Skipulagsnefndar frá 10. nóvember s.l. og afgreiðsla byggingafulltrúa frá 2. nóvember s.l.
Mál nr. 7: Kópsvatn 1, byggingarleyfi.
Mál nr. 8: Smiðjustígur 10, byggingarleyfi.
Mál nr. 16: Afgreiðslur byggingarfulltrúa.
18. Fundargerð 122. fundar Skipulagsnefndar frá 24. nóvember s.l. og afgreiðsla byggingafulltrúa frá 16. nóvember s.l.
Mál nr. 15: Rangárþing Ytra. Umsagnarbeiðni vegna vindrafstöðva.
Mál nr. 17: Afgreiðslur byggingarfulltrúa.
19. Stjórn Byggðasamlags: Fundargerð 40. fundar stjórnar frá 10. nóvember s.l.
20. Skólaþjónusta og velferðarnefnd Árneseinga: Fundargerð 17. fundar frá 2. nóvember s.l.
21. Skólaþjónusta og velferðarnefnd Árneseinga: Fundargerð 18. fundar frá 22. nóvember s.l.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

- a. SASS: Fundargerð 513. fundar stjórnar frá 19. október s.l.
- b. Héraðsnefnd Árneseinga bs: Fundargerð 9. fundar 12. október s.l.
- c. Brunavarnir Árnassýslu: Fundargerð 11. fundar stjórnar frá 22. nóvember s.l.
- d. Byggðasamlagið Berggrísinn bs. Fundargerð aðalfundar frá 12. október s.l.
- e. Fagråd Tónlistarskóla Árneseinga. 178. fundur fagráðs frá 14. nóvember s.l.

- f. Sorpstöð Suðurlands bs: Fundargerð aðalfundar frá 21. október s.l.
- g. Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð 250. fundar stjórnar frá 7. nóvember s.l.
- h. SASS: Fundargerð aðalfundar SASS frá 20.- 21. október 2016.
- i. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands: Aðalfundargerð frá 20. október s.l.
- j. Almennavarnarnefnd Árnessýslu: Fundargerð 9. fundar nefndarinnar frá 18. nóvember s.l.

Kynningarmál:

- k. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 843. fundar stjórnar frá 28. október s.l.
- l. Samtök orkusveitarfélaga: Fundargerð 27. fundar stjórnar frá 10. nóvember s.l.
- m. Markaðsstofa Suðurlands: Fundargerð 1. fundar stjórnar frá 2. maí s.l.,
- n. Markaðsstofa Suðurlands: Fundargerð 2. fundar stjórnar frá 5. september s.l.
- o. Markaðsstofa Suðurlands: Fundargerð 3. fundar stjórnar frá 3. október s.l.
- p. Samband íslenskra sveitarfélaga: Námsferð til Svíþjóðar.
- q. Samband íslenskra sveitarfélaga: Rekstrarfyrirkomulag flugvalla.
- r. Samband íslenskra sveitarfélaga: Undanþágur frá íbúafjölda þjónustusvæða í málaflokki fatlaðs fólks.
- s. Jöfnunarsjóður: Úthlutun framlags vegna sérþarfa fatlaðra nemenda í grunnskólum fjárhagsárið 2017.
- t. Jöfnunarsjóður: Úthlutun framlags vegna nýbúafræðslu í grunnskólum fjárhagsárið 2017.

Fundir framundan:

- u. Landsþing sambands íslenskra sveitarfélaga 24. mars 2017.
- v. Fjármálaráðstefna sveitarfélaganna 5.- 6. október 2017.

Gengið til dagskrár:

Erindi til sveitarstjórnar:

1. Tillaga að greiðslu þóknunar til embættis- og nefndarmanna Hrunamannahrepps 2017.

Oddviti lagði fram tillögu um greiðslu þóknunar til embættis- og nefndarmanna fyrir árið 2017 en málinu var frestað á síðasta fundi sveitarstjórnar. Sveitarstjórn samþykkir tillöguna með þeim breytingum að laun sveitarstjórnarmanna sem hlutfall af þingfararkaupi miðist við þingfararkaup eins og kjaradómur ákvað það í júní 2016.

2. Fjárhagsáætlun 2017-2020. (Seinni umræða)

Lagt var fram minnisblað um breytingar á fjárhagsáætlun 2017-2020 milli 1. og 2. umræðu. Sveitarstjóri fór yfir breytingar á áætlun ársins 2017 sem snerta tekjulið og lítillega gjaldalið fjárhagsáætlunarinnar en þær leiða til þess að niðurstaða fjárhagsáætlunarinnar breytist milli umræðna. Aðal breytingin er sú að gert er ráð fyrir auknum tekjum úr jöfnunarsjóði en jafnframt aukningu á fjárfestingu í gatnagerð auk lítilsháttar útgjalda vegna Hrunaréttar og Flúðaskóla. Einnig kemur til sú forsendubreyting að gert er ráð fyrir minni verðbólgu á árinu 2016 og 2017.

Helstu niðurstöðutölur fyrir árið 2017 verða því þessar:

Rekstrarniðurstaða A hluta jákvæð um kr. 29.880.000.

Rekstrarniðurstaða A og B hluta jákvæð um kr. 44.426.000.

Veltufé frá rekstri kr. 105.731.000.

Heildareignir A. hluta kr. 1.164.645.000.

Heildareignir A og B. hluta kr. 1.293.680.000.

Heildarskuldir og skuldbindingar A hluti kr. 605.659.000.

Heildarskuldir og skuldbindingar A og B hluta kr. 760.187.000.

Eigið fé A hluta kr. 558.986.000.

Eigið fé A og B hluta kr. 533.493.000.

Skuldahlutfall 82% af heildartekjum.

Gert er ráð fyrir nettófjárfestingum í eignasjóði að fjárhæð kr. 56 millj. í áætluninni, þar af kr. 14 millj. í gatnagerð og kr. 10 millj. vegna íþróttasvæðis. Þá er gert ráð fyrir nettófjárfestingu í fráveitu að fjárhæð kr. 4 millj. í vatnsveitu, 5 millj., í hitaveitu 18 millj. og vegna ljósleiðara kr. 5. millj. Gert er ráð fyrir lántöku að fjárhæð kr. 29 millj. í áætluninni. Vísað er að öðru leyti til framlagðra gagna og samþykta frá 30. fundi sveitarstjórnar þann 3. nóvember s.l. og framlagðs minnisblaðs og annarra gagna um breytingar á fjárhagsáætlun.

Handwritten notes:
 JF SS
 UFE
 not
 BL

Sveitarstjóri fór einnig yfir fjárhagsáætlun 2018-2020 en þar hafa ekki orðið breytingar á áætluninni milli umræðna en farið var yfir helstu forsendur hennar á síðasta fundi sveitarstjórnar þann 3. nóvember s.l. Vísað er til framlagðra gagna en þar er m.a. gert ráð fyrir svipuðum rekstri og fjárfestingum og í fjárhagsáætlun 2016.

Sveitarstjórn samþykkir þær breytingar sem hafa verið gerðar milli umræðna og samþykkir fjárhagsáætlun 2017-2020 samhljóða.

3. **Starfshópur um kosti og galla sameiningar sveitarfélaga í Árnessýslu: Fundargerð hópsins frá 7. nóvember s.l.**
Oddviti kynnti fundargerð starfshóps um kosti og galla sameiningar sveitarfélaga í Árnessýslu. Sveitarstjórn samþykkir að fram fari sviðsmyndagreining á sveitarfélögunum sem myndi nýtast vel í þessari vinnu. Sveitarstjórn hvetur Bláskógabyggð til að taka þátt í sviðsmyndagreiningunni enda mikilvægt að öll sveitarfélög á svæðinu skoði málið.
4. **FSu: Kaup á búnaði í Hamar.**
Oddviti kynnti fyrirhugaða fjárfestingu vegna kaupa á búnaði í FSu vegna nýbyggingar við verknámshúsið Hamar. Sveitarstjórn samþykkir að taka þátt í verkefninu en áætlaður kostnaður Hrunamannahrepps gæti verið um kr. 1,6 millj.
5. **Landgræðslan: Beiðni um styrk vegna verkefnisins „Bændur græða landið“.**
Oddviti kynnti beiðni um styrk frá Landgræðslu ríkisins vegna verkefnisins „Bændur græða landið“ fyrir árið 2016. Sveitarstjórn samþykkir að veita umbeðinn styrk kr. 18.000 til verkefnisins.
6. **Kvennaathvarfið: Beiðni um rekstrarstyrk.**
Oddviti kynnti beiðni um rekstrarstyrk vegna Kvennaathvarfsins fyrir árið 2017. Sveitarstjórn samþykkir að veita styrk að fjárhæð kr. 50.000.
7. **Strókur: Beiðni um rekstrarstyrk.**
Oddviti kynnti beiðni um rekstrarstyrk frá Strók. Sveitarstjórn samþykkir að veita styrk að fjárhæð kr. 40.000.
8. **Samningur um umsjón jarðarinnar Laugarás.**
Oddviti kynnti samning um umsjón jarðarinnar Laugarás milli eigenda jarðarinnar, Bláskógabyggðar, Hrunamannahrepps, Skeiða- og Gnúpverjarhrepps og Grímsnes- og Grafningshrepps. Sveitarstjórn samþykkir samninginn og felur oddvita að undirrita hann.
9. **Samband ísl. sveitarfélaga: Umsagnarbeiðni um drög að reglugerð um veitingastaði, gististaði og heimagistingu.**
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni um drög að reglugerð um veitingastaði, gististaði og heimagistingu. Sveitarstjórn tekur undir athugasemdir Sambands Íslenskra sveitarfélaga við reglugerðina og telur ótækt að samþykkja reglugerðina eins og hún liggur fyrir núna.
10. **Stefán Arngrímsson: Erindi.**
Oddviti kynnti erindi frá Stefáni Arngrímssyni húsverði og umsjónarmanni fasteigna þar sem hann óskar eftir að fá að gegna núverandi starfi þrátt fyrir að hafa náð sjötugsaldri. Sveitarstjórn samþykkir að framlengja ráðningarsamning Stefáns út árið 2017.
11. **Skólastjórar grunnskóla: Bréf til sveitarstjórnar vegna starfstöðvar náms- og starfsráðgjafa.**
Oddviti kynnti bréf til sveitarstjórnar þar sem sveitarstjórnir eru hvattar til að endurskoða ákvörðun sína um starfstöð náms- og starfsráðgjafa. Sveitarstjórn samþykkir að beina málinu til NOS m.a. vegna þess að ekki liggur fyrir endanleg úrlausn varðandi húsnaðismál Skóla- og velferðarþjónustu Árneshöfna.
12. **Áskorun frá kennurum í Flúðaskóla.**
Oddviti kynnti áskorun frá kennurum í Flúðaskóla um að bregðast hratt og örugglega við í kjarabaráttu kennara. Sveitarstjórn vonar að nýjir kjarasamningar brjóti upp þá stöðu sem verið hefur og leiði til meiri sáttar og betra starfsumhverfis kennara. Kolbrún víkur sæti við meðferð og afgreiðslu málsins.
13. **Tónlistarskóli Árneseinga. Ályktun frá fundi kennara.**
Oddviti kynnti ályktun frá fundi kennara í Tónlistarskóla Árneseinga um að laun tónlistarkennara verði þau sömu og annarra kennara. Sveitarstjórn lítur þá stöðu sem komin er upp sem grafalvarlega. Afar mikilvægt er að samningsaðilar beggja vegna borðsins leiti allra leiða til samkomulags eins fljótt og auðið er.

Handwritten notes in blue ink:
SS
Ker UE
Blásk

14. Tæknisvið Uppsveita: Minnisblað vegna söfnunar á seyru.

Oddviti kynnti minnisblað vegna söfnunar á seyru og mögulegs sameiginlegs útboðs í Uppsveitum. Sveitarstjórn felur veitustjóra og sveitarstjóra að taka afstöðu til þess hvort slíkt fyrirkomulag sé æskilegt eða ekki.

15. Næsti fundur sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn samþykkir að næsti fundur sveitarstjórnar verði fimmtudaginn 12. janúar nk. kl. 14.00 í Ráðhúsinu á Flúðum.

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

16. Ferða- og menningarnefnd: Fundargerð 12. fundar nefndarinnar frá 2. nóvember s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 12. fundar ferða- og menningarnefndar. Á fundinn mættu ferðapjónustuaðilar í Hrunamannahreppi til að efna til almennrar umræðu um ferðapjónustuna í Hrunamannahreppi, stöðu og horfur. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnessýslu:

17. Fundargerð 121. fundar Skipulagsnefndar frá 10. nóvember s.l. og afgreiðsla byggingafulltrúa frá 2. nóvember s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 121. fundar skipulagsnefndar frá 10. nóvember og afgreiðslur byggingafulltrúa frá 2. nóvember s.l. Afgreiðslur einstakra mála sem varðar Hrunamannahrepp eru eftirfarandi:

Mál nr. 7: Kópsvatn 1, byggingarleyfi.

Lögð fram umsókn um byggingarleyfi fyrir stækkun á fjósi.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir umsóknina að undangenginni grenndarkynningu og umsögn Minjastofnunar Íslands.

Mál nr. 8: Smiðjustígur 10, byggingarleyfi.

Lögð fram umsókn um byggingarleyfi fyrir hús undir bakarí á lóðinni.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar að umsóknin sé í samræmi við gildandi deiliskipulag og að byggingafulltrúi gefi út byggingarleyfi fyrir því.

Mál nr. 16: Afgreiðslur byggingafulltrúa.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingafulltrúa frá 2. nóvember s.l.

18. Fundargerð 122. fundar Skipulagsnefndar frá 24. nóvember s.l. og afgreiðsla byggingafulltrúa frá 16. nóvember s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 122. fundar skipulagsnefndar frá 24. nóvember og afgreiðslur byggingafulltrúa frá 16. nóvember s.l. Afgreiðslur einstakra mála sem varðar Hrunamannahrepp eru eftirfarandi:

Mál nr. 15: Rangárþing Ytra. Umsagnarbeiðni vegna vindrafstöðva.

Lögð var fram til umsagnar lýsing á breytingu á aðalskipulagi Rangárþings Ytra vegna afmörkunar á iðnaðarsvæði norðan Þykkvabæjar vegna vindrafstöðva.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar.

Mál nr. 17: Afgreiðslur byggingafulltrúa.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingafulltrúa frá 16. nóvember s.l.

19. Stjórn Skipulagsfulltrúa Uppsveita bs.: Fundargerð 40. fundar stjórnar frá 10. nóvember s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 40. fundar stjórnar byggðasamlagsins. Farið var yfir endurskoðaða fjárhagsáætlun 2016 og fjárhagsáætlun 2017. Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina.

20. Skólaþjónustu- og velferðarnefnd Árnespings: Fundargerð 17. fundar frá 2. nóvember s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 17. fundar skólaþjónustu- og velferðarnefndar. Þar var fjallað um gjaldskrárbreytingar fyrir árið 2017, kynningu á stöðu fjárhagsaðstoðar og barnaverndar fyrstu átta mánuði ársins og kynningu á helstu áherslum Skóla- og velferðarþjónustunnar vegna fjárhagsáætlunar 2017. Þá var lagt fram til kynningar könnun á framgangi sameiginlegra markmiða Skóla- og velferðarþjónustunnar 2014-2017, skýrsla Sambandsins um gráu svæðin í velferðarþjónustu 2016 og trúnaðarmál. Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina og samþykkir gjaldskrárbreytingar vegna ársins 2017.

Handwritten notes:
JE SS
KOB
Bv

21. Skólaþjónustu- og velferðarnefnd Árneshvíls: Fundargerð 18. fundar frá 22. nóvember s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 18. fundar skólaþjónustu- og velferðarnefndar. Þar var fjallað um trúnaðarmál. Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

- a. SASS: Fundargerð 513. fundar stjórnar frá 19. október s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- b. Héraðsnefnd Árneshvíls bs: Fundargerð 9. fundar 12. október s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- c. Brunavarnir Árneshvíls: Fundargerð 11. fundar stjórnar frá 22. nóvember s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- d. Byggðasamlagið Bergrísinn bs. Fundargerð aðalfundar frá 12. október s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- e. Fagráð Tónlistarskóla Árneshvíls. 178. fundur fagráðs frá 14. nóvember s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- f. Sorpstöð Suðurlands bs: Fundargerð aðalfundar frá 21. október s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- g. Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð 250. fundar stjórnar frá 7. nóvember s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- h. SASS: Fundargerð aðalfundar SASS frá 20.- 21. október 2016.**
Lagt fram til kynningar.
- i. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands: Aðalfundargerð frá 20. október s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- j. Almennavarnarnefnd Árneshvíls: Fundargerð 9. fundar nefndarinnar frá 18. nóvember s.l.**
Lagt fram til kynningar.

Kynningarmál:

- k. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 843. fundar stjórnar frá 28. október s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- l. Samtök orkusveitarfélaga: Fundargerð 27. fundar stjórnar frá 10. nóvember s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- m. Markaðsstofa Suðurlands: Fundargerð 1. fundar stjórnar frá 2. maí s.l.,**
Lagt fram til kynningar.
- n. Markaðsstofa Suðurlands: Fundargerð 2. fundar stjórnar frá 5. september s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- o. Markaðsstofa Suðurlands: Fundargerð 3. fundar stjórnar frá 3. október s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- p. Samband íslenskra sveitarfélaga: Námsferð til Svíþjóðar.**
Lagt fram til kynningar.
- q. Samband íslenskra sveitarfélaga: Rekstrarfyrirkomulag flugvalla.**
Lagt fram til kynningar.
- r. Samband íslenskra sveitarfélaga: Undanþágur frá íbúafjölda þjónustusvæða í málaflokki fatlaðs fólks.**
Lagt fram til kynningar.
- s. Jöfnunarsjóður: Úthlutun framlags vegna sérþarfa fatlaðra nemenda í grunnskólum fjárhagsárið 2017.**
Lagt fram til kynningar.
- t. Jöfnunarsjóður: Úthlutun framlags vegna nýbúafræðslu í grunnskólum fjárhagsárið 2017.**
Lagt fram til kynningar.

Fundir framundan:

u. Landsþing sambands íslenskra sveitarfélaga 24. mars 2017.

Lagt fram til kynningar.

v. Fjármálaráðstefna sveitarfélaganna 5.- 6. október 2017.

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 16:15.

Handlora Hörnardóttir
Bjarney Vignisdóttir
~~H. E. E. E.~~
Kouzzun Haraldsdóttir
Sigurðr Sigurðsson
Jón J. Vignarsson